

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 22. apríl 2022
UST202204-010/B.S.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs - tillaga- Stuðlagil á Jökuldal. Umsögn

Vísað er til erindis Múlaþings dags. 31. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Múlaþings.

Umhverfisstofnun telur til fyrirmyndar að gert sé rammaskipulag um svæðið við Jökulsá í nágrenni Stuðlagils vegna stóraukinnar umferðar ferðamanna og fyrirhugaðra framkvæmda á þessu svæði. Hér er verið að gera kröfur um að samræma framkvæmdir á svæðinu sem er í eigu nokkuð margra aðila sem mögulega hafa ekki haft sömu hugmyndir um uppbyggingu við Jökulsá.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur